

Skipulags- og byggingarnefnd

FUNDUR - 17. ágúst 2004

Fundur haldinn í Skipulags- og byggingarnefnd Blönduóssbæjar þriðjudaginn 17. ágúst 2004 í félagsheimilinu. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Erindi: Björg Bjarnadóttir sækir um byggingarleyfi fyrir nýju íbúðarhúsi í landi Sölvabakka A-Hún. Svagrund II. Meðfylgjandi er teikning af íbúðarhúsinu.

Afgreiðsla: Erindi samþykkt.

2. Erindi: Ásgeir Blöndal og Tryggvi Björnsson sækja um land fyrir hesthús í Arnargerði samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum. Hesthúsið er 12 x 28 m.

Afgreiðsla: Erindi samþykkt og byggingarfulltrúa falið að ganga frá breytingum á deiliskipulagi. Nefndin leggur til að lóðirnar Arnargerði 20 og 22 verði sameinaðar í Arnargerði 20.

3. Erindi: Erlendur Magnússon sækir um leyfi til breytinga og endurbyggingar á húseign sinni að Brimslóð 6, samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum.

Afgreiðsla: Byggingarfulltrúi lagði fram gögn um málið, til að nefndarmenn gætu kynnt sér málefni tengd Brimslóð 6 og 8 í eigu Erlendar Magnússonar og sonar hans, og leggur til að nefndin boði Erlend til sín á fund fimmtudaginn 2. september 2004.

4. Erindi: Jóhannes Torfason, fyrir hönd Ámundarkinnar ehf., sækir um leyfi til að grafa í jörð hráolíugeymi við Efstubraut 2. Staðsetning er fyrirhuguð í norð-austurhorni lóðar, 10-15 metra frá húsvegg. Stærð geymisins er 9.700 lítrar og verða aðeins áfyllingarstútur og loftrör ofanjarðar.

Afgreiðsla: Erindi samþykkt.

5. Erindi: Byggingarfulltrúi leggur fram uppdrætti til staðfestingar á lóðarmörkum, plönnum og bílastæðum að Norðurlandsvegi 2.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkti breytingar á fyrri uppdrætti að innkeyrslum að lóðum 1 og 2, og að sameiginleg innkeyrsla verði á lóð 2.

6. Erindi: Þorleifur Páll Ólafsson óskar eftir að fá að stækka húsið sitt, Holtabraut 8. Um er að ræða stækkun á þvottahúsi samkvæmt meðfylgjandi skissum.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir erindið en leggur áherslu á að fá í hendur fullnægjandi teikningar.

7. Erindi: Lárus B. Jónsson byggingarmeistari, fyrir hönd Gauta Jónssonar í Hvammi í Langadal, sækir um leyfi til að skipta um glugga í íbúðarhúsnæði sínu. Gluggarnir munu vera samskonar og áður. Jafnframt sækir hann um leyfi til að klæða húsið að utan. Á húsið verður skrúfað 2x2” timburgrind með veggplötu á milli, vindpappa utan á það og listar 1x2” síðan yfir með trapisustálklæðningu. Húsið verður tvílitt á endum og framhlið en einlitt að aftan.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir erindið.

8. Erindi bæjarráðs vegna bréfs frá íbúum að Aðalgötu 11.

Afgreiðsla: Byggingarfulltrúi telur sig vanhæfan í málinu og leggur til að fá hlutlausu tæknimenn til að taka skýslu af íbúum og gera ástandsskoðun á húsinu að Aðalgötu 11.

9. Erindi: Jósefína Blöndal sækir um leyfi til að brjóta niður reykháf á húsi sínu að Mýrarbraut 13.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir erindið.

10. Erindi Kára Snorrasonar vegna Norðurlandsveggar 4. Óskað er eftir að bygginganefnd samþykki að sett verði upp grjótvörn yfir plan fyrir framan hús félagsins að Norðurlandsvegi 4 og girðing á lóðamörkum, allt samkvæmt meðfylgjandi teikningum Gunnars S. Sigurðssonar frá 20. júní 2004.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir girðingu á lóðamörkum en tekur ekki afstöðu til grjótgarðs á plani.

11. Erindi: Jónas Skaftason Blöndubbyggð 9 sækir um leyfi til að setja niður fjögur lítill bjálkahús á lóð sinni samanber meðfylgjandi skissu og myndbæklingi.

Afgreiðsla: Erindi frestað.

12. Önnur mál:

Formaður tilnefnir í fegurðarnefnd:
Þórdís Erla Björnsdóttir.
Jón Sigurðsson.
Jakob Þór Guðmundsson

Nefndin leggur til að sett verði upp skilti á lóðamörkum sveitarfélagsins. Alls 5 skilti samtals.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Jón Sigurðsson
Jakob Þór Guðmundsson
Andri Leifsson
Rolf Árnason

Þórdís Erla Björnsdóttir
Guðmundur Ingbórsson
Gauti Jónsson